

Reykholti 22. mars 2024

Erindi til Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs Mýrdalshrepps.

Eftir lestur fundargerðar 16. fundar 07. 03. 2024 frá Fjölskyldu- frístunda- og menningarráði Mýrdalshrepps tel ég mig knúna til að senda ykkur erindi er varðar gildishlaðið orðalag í fylgiskjali: *Skýrsla NLM fyrir FFM febrúar 2024.pdf*, þar sem mér finnst núverandi leikskólastjóri hrapa að ályktunum um fagleg störf á leikskólanum Mánalandi í minni tíð sem leikskólastjóri.

Vísa ég í nokkra þætti skýrslunnar og vitna í hana orðrétt:

„Leikskólinn hefur liðið fyrir vanrækslu síðustu fimm ár, er varðar fagleg störf og heilbriggt starfsumhverfi“.

Ég vil að því sé haldið til haga að það var þróunarstarf í gangi: Snemmtæk íhlutun – mál og læsi. Þetta var unnið í nánú samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing, Halldóru Guðlaugu sem var leikskólaráðgjafi skólaláðgjafar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og í samstarfi við hina fjóra leikskólana í skólasamfélaginu.

Mér finnst vegið að mér og mínu starfsfólki sem gerði ávallt sitt besta við aðstæður sem voru ekki alltaf ákjósanlegar.

Þá gríp ég aftur niður í fundargerðina og vitna orðrétt í hana:

„Leikskólinn hef misst frá sér starfsfólk með sérþekkingu um leikskólastarfið og ekki hefur náðst að ráða inn starfsmenn með menntun og/eða þekkingu á sviði leikskólafræða“.

Það er því miður sorgleg staðreynd að leikskólamenntað fólk hefur horfið til annarra starfa út um allt land og það væri efni í langan pistil að reyna að útskýra ástæðuna fyrir því. Samkvæmt orðalagi skýrslu núverandi leikskólastjóra mætti ætla að þessi meinti missir á starfsfólki sé vegna meintrar vanrækslu. Þetta finnst mér lítillækkandi fyrir mig og mitt starf og vil gera alvarlegar athugasemdir við það.

Ég ætla mér ekki að fjalla um núverandi starf í leikskólanum Mánalandi eða stjórnun hans yfirleitt en vil samt vitna aftur í orðalag skýrslunnar:

„Núverandi leikskólastjóri hefur þurft að búa til handbækur, leiðbeiningar, reglur og ýmsar grunnstefnur til stuðnings starfsfólki í starfi og til að tryggja fagleg vinnubrögð, vellíðan og öryggi barna til að bæta grunnþætti í námi og starfi“.

Starf leikskólastjóra snýst um einmitt þetta; að þróa og endurskoða starfið með alla þætti í huga og er það von mín að þróunarverkefnið áðurnefnda sem forveri minn í starfi leikskólastjóra, ég og starfsfólk okkar vann, hafi nýst vel til þeirra starfa.

Ég hef alltaf taugar til Mánalands og vona að ekki sé verið að kasta ryki í augu fólks þegar áranna minna er minnst í starfi fyrir skólann.

Er það von mín að starfsemin á Mánalandi dafni og blómstri um ókomin ár. Það er gott að sjá í fundargerðinni að hugur nefndarmanna stendur til þess að að koma duglega að málum til þess að svo megi verða.

Virðingarfyllst.

Dagný Rut Gretarsdóttir,

deildarstjóri Mánalands árin 2018-2020 og leikskólastjóri 2020-2021.